

Perla Ösp Ásgeirsdóttir (f. 1978)

Starf: Framkvæmdastjóri Eflingar-stéttarfélags

Menntun: Meistarapróf í fjármálum og fjárfestingastjórnun frá Háskólanum í Reykjavík.

Núverandi önnur trúnaðarstörf: Engin.

Perla starfaði sem framkvæmdastjóri áhættustýringar Landsbankans hf. á árunum 2010-2021 þar sem hún sat í fjölmörgum nefndum á vegum bankans auk þess að starfa með bankaráði og nefndum þess. Perla starfaði hjá Seðlabanka Íslands á fjármálastöðugleikasviði árin 2005-2010. Þá hefur hún starfað með Rannsóknarnefnd Alþingis 2008-2010 auk þess að sitja í verkefnanefnd um endurreisn sparisjóðakerfisins 2009. Perla var formaður verkefnisstjórnar ÍL-sjóðs 2022-2023 eða þar til að hún tók sæti í stjórn Gildis.